



Stjórnarráð Íslands
Menningar- og viðskiptaráðuneytið

Stefna í

málefnum
tónlistar

2023 —

2030

Samantekt	5	Markmið 2.2	67
Ávarp ráðherra	11	Tónlist verði fullgild og eftirsóknarverð atvinnugrein	
Inngangur: Tónlistarlandið Ísland	13		
ÁHERSLA I	21	Markmið 2.3	79
Tónlistarmenning og menntun		Betri yfirsýn fáist yfir umfang tónlistargeirans	
Markmið 1.1	22	Markmið 2.4	83
Húsnæði til tónlistariðkunar verði greint og kortlagt		Sjóðakerfi tónlistar verði skilvirkt	
Markmið 1.2	31	ÁHERSLA III	91
Hugað verði að íslenskri tónlistararfleifð og varðveislu tónlistar		Útflutningur á íslenskri tónlist	
Markmið 1.3	39	Markmið 3.1	93
Tónlistarmenntun verði fjölbreytt og af miklum gæðum		Útflutningstekjur af tónlist aukist	
ÁHERSLA II	53	Markmið 3.2	107
Tónlist sem skapandi atvinnugrein		Tónlistargeirinn verði sjálfbær og umhverfisvænn	
Markmið 2.1	55		
Tónlistariðnaðurinn verði sterkur og framsækinn			

Gefið út af menningar- og viðskiptaráðuneytinu
Desember 2023
ISBN 978-9935-9743-1-0
Hönnun: Arnar&Arnar



Samantekt

Stefna þessi er mótuð af menningar- og viðskiptaráðuneytinu í samstarfi við mennta- og barnamálaráðuneytið og háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytið og í góðu samráði við hag- og fagaðila.

Um er að ræða fyrstu opinberu stefnu á sviði tónlistar á Íslandi.

Stefnan inniheldur framtíðarsýn og markmið tónlistar til ársins 2030 auk aðgerða sem mótaðar hafa verið sem liður í að ná tilsettum markmiðum. Aðgerðaáætlun stefnunnar verður í tveimur hlutum. Fyrri hluti, sem kynntur er hér, gildir fyrir árin 2023–2026 og síðar verður mótuð aðgerðaáætlun sem gilda mun árin 2027–2030.

Grunnur að tónlistarstefnu var lagður með skýrslu starfshóps um Tónlistarmiðstöð frá árinu 2021. Starfshópurinn skilaði skýrslu vorið 2021 sem fól m.a. í sér drög að tónlistarstefnu og upplegg fyrir

nýjan tónlistarsjóð. Á grunni þeirrar skýrslu var unnið að frekari mótun tónlistarstefnu með aðkomu hagaðila, þar á meðal Sinfóníuhljómsveitar Íslands, Útflutningsskrifstofu íslenskrar tónlistar, Ríkisútvarpsins, Íslenskrar tónverkamiðstöðvar, STEF, Félags íslenskra hljómlistarmanna, Félags íslenskra tónlistarmanna, Tónlistarborgarinnar Reykjavíkur, Listaháskóla Íslands, Félags tónskálda og textahöfunda, Tónskáldafélagsins, Hörpu og annarra aðila sem tengjast menningu og listum. Litið var til aðferðafræði stefnumótunar á vegum Stjórnarráðsins þar sem mat er gert á núverandi stöðu, framtíðarsýn sett fram og í kjölfarið valin besta leið að henni.

Staða tónlistarumhverfisins á Íslandi hafði verið nokkuð ítarlega rýnd í skýrslum og rannsóknum sem teknar voru með í reikninginn í vinnu starfshóps um Tónlistarmiðstöð sem lagði til drög að tónlistarstefnu og framtíðarsýn. Í samstarfi við hagaðila voru helstu áskoranir, tækifæri og áherslur greindar og tillögur að aðgerðum mótaðar. Í framhaldinu var unnið frekar með

aðgerðatillögurnar, þær kostnaðarmetnar eftir föngum og þær aðgerðir sem þóttu líklegar til að ná fram að ganga á næstu þremur árum valdar á fyrri hluta aðgerðaáætlunarinnar, fyrir árin 2023–2026. Lögð var áhersla á að hver aðgerð hefði tilgreindan ábyrgðaraðila og tímamörk.

Tónlistarmenntun er órjúfanlegur hluti heilbrigðs tónlistarumhverfis og því var menntunarhluti stefnunnar unninn í góðu samstarfi við mennta- og barnamálaráðuneytið og háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytið.

Mikilvægt er að almenn sátt sé um þá stefnu sem er mörkuð í málefnum tónlistar og að stjórnvöld hafi sem besta innsýn í ólík sjónarmið. Drög að stefnunni voru birt sumarið 2022 í samráðsgátt stjórnvalda þar sem kallað var eftir umsögnum um innihald, áherslur og aðgerðir, og gafst með því tækifæri til enn breiðara samráðs. Fjöldi ábendinga barst sem tekið var tillit til við lokavinnslu stefnunnar. Sérstaklega bárust margar umsagnir er tengdust menntahluta stefnunnar þar sem kallað var eftir skýrari sýn



í málefnum tónlistarmenntunar.

Í kjölfarið fór af stað vinna í mennta- og barnamálaráðuneytinu þar sem komist var að þeirri niðurstöðu að tímabært væri að hefja heildarendurskoðun aðalnámskrár tónlistarskóla.

Sumar umsagnir er bárust tengdust öðrum málefnasviðum eða efni sem tónlistarstefna nær ekki til. Sem dæmi má nefna umsagnir sem tengdust einstökum greinum frumvarps til tónlistarlaga og umsagnir tengdar óperustarfsemi, en sú listgrein heyrir undir sviðslistir. Þeim umsögnum var þó komið á framfæri við viðeigandi aðila til að þær mættu nýtast á öðrum vettvangi.

Tónlistarstefnan var samþykkt sem þingsályktun á Alþingi 3. maí 2023.

Ávarp ráðherra

Íslenskt tónlistarlíf stendur á sannkölluðum tímamótum með nýja tónlistarstefnu til ársins 2030 í hönd. Með henni er leiðin mörkum fram á við með skýrum markmiðum og aðgerðum til þess að styðja betur við íslenskt tónlistarfólk í störfum sínum. Tónlist er órjúfanlegur hluti af tilveru okkar og framkallar tilfinningar og minningar í huga okkar um lífshlaupið í sinni fjölbreyttustu mynd.

Íslenskt tónlistarfólk er framúrskarandi og á allt það besta skilið. Ég legg þunga áherslu á að styrkja umgjörð menningar í landinu, dýpka hana og stuðla að auknum atvinnutækifærum og verðmætasköpun henni tengdri. Orðum verður að fylgja athafnir en í því samhengi er ráðgert að samtals 600 milljónir renni af fjárlögum 2023-2025 til framfylgdar nýju tónlistarstefnunni, stofnunar nýrrar Tónlistarmiðstöðvar og til eflingar sjóða tónlistar til viðbótar við þau framlög sem renna nú þegar til tónlistar. Hlutverk



stjórnvalda er að hlúa að tónlistargeiranum og rækta, með því að styðja við bakið á listafólki og huga um leið að því að jarðvegurinn geti nært grasrótina og vöxt sprota sem og annarra fyrirtækja.

Glæsileg og metnaðarfull tónlistarstefna sem þessi verður ekki til í tómarúmi. Að baki henni liggur metnaðarfull vinna starfshóps ég skipaði á sínum tíma. Ég vil þakka formanni vinnuhópsins, Jakobi Frímanni Magnússyni, sérstaklega fyrir að leiða þessa vinnu ásamt þeim Braga Valdimar Skúlasyni, Bryndísi Jónatansdóttur, Eið Arnarssyni, Gunnari Hrafnssyni, Maríu Rut Reynisdóttur, Valgerði Guðrúnu Halldórsdóttur, Baldri Þóri Guðmundssyni og Sólrúnu Sumarliðadóttur.

Með stefnunni eru stigin stór skref í stuðningi við frekari uppbyggingu þessarar mikilvægu listgreinar, sem er okkur svo kær.

Lilja Alfreðsdóttir menningar-
og viðskiptaráðherra



Ísland er tónlistarland

Tónlistarlíf á Íslandi hefur leitt af sér ríkan menningararf sem á sér fastan sess í hjörtum landsmanna. Kórastarf, söngur, fjölbreyttar tónlistarstefnur og tónlistarfólk hafa glætt menningu landsins lífi í áranna rás. Tónlistarlífið hefur einkennst af sköpunargleði, samstarfi og óttaleysi við að fara nýjar leiðir og hefur fjöldinn allur af íslensku tónlistarfólki getið sér gott orð víða um heim og unnið til margra virtustu verðlauna heims fyrir störf sín.

Tónlist er ekki einungis veglegur hluti af menningu landsins, hún er einnig atvinnuskapandi og mikilvæg útflutningsgrein þar sem hvert tónlistarverkefni getur skapað mörg afleidd störf. Tónlistarframleiðsla hefur aukist töluvert á undanförunum áratugum en þó hafa innviðir tónlistarinnar, svo sem fyrirtæki í tónlistariðnaði, vaxið hægar en hinn skapandi hluti. Grundvöllur ríkrar tónlistarmenningar hvílir á tónlistarmenntun, undirstöðu öflugis



tónlistarlífs og tónlistariðnaðar. Blómlegur tónlistariðnaður er forsenda þess að utanumhald tónlistarverkefna geti haldist á Íslandi og að til verði sterkt tónlistarumhverfi. Umhverfi tónlistar á Íslandi er frjótt og er það öfluggu tónlistarfólki og fagfólki innan tónlistar að þakka. Hlutverk stjórnvalda er að hlúa að öllum tónlistariðnaði með því að styðja við bakið á tónlistarfólki, gæta þess að jarðvegurinn sé frjór fyrir grasrót og vöxt sprota sem og tryggja inngildingu og aðgengi almennings að tónlist og tónlistarmenntun.

Stórt skref verður stigið með stofnun Tónlistarmiðstöðvar sem ætlað er að veita greininni aukna kjölfestu og trúverðugleika, og greiða leið íslensks tónlistarfólks innalands sem utan. Áhersla verður lögð á að teikna upp nútímalegt og hvetjandi umhverfi fyrir íslenskt tónlistarlíf. Markmiðið er að miðstöðin verði raunverulegur miðpunktur tónlistargeirans og skýr tengipunktur við stjórnvöld. Því er mikilvægt að markmið, hlutverk og skipulag miðstöðvarinnar séu frá upphafi skýr og endurspegli fjölbreytni tónlistargeirans.



Tónlist er útflutningsgrein sem oft og tíðum krefst töluverðra ferðalaga. Á sama tíma stendur heimurinn á tímamótum þar sem mikilvægt er að huga að sjálfbærni og umhverfissjónarmiðum. Nýsköpun og útsjónarsemi geta komið að góðum notum en einnig þarf að móta sérsniðin verkfæri og miðla þeim til tónlistartengdra verkefna og verður það eitt af áhersluverkefnum fyrstu aðgerðaáætlunarinnar.

Aðgengi, inngilding og jafnrétti eru mikilvæg leiðarstef í tónlistarstefnu. Allir þátttakendur eiga hlut í þeirri vegferð en stjórnvöld geta dregið vagninn með því að hafa leiðarstefin með í ákvörðunartökum sem snúa að styrkveitingum og opinberum verkefnum.

Tónlistarstefna þessi nær yfir árin 2023–2030 og fylgir henni aðgerðaáætlun í tveimur hlutum, sú fyrri frá 2023–2026 er kynnt hér og verður framgangi hennar fylgt eftir af menningar- og viðskiptaráðuneytinu. Í framhaldinu verður mótuð síðari aðgerðaáætlun fyrir árin 2027–2030.

Tónlistar- menning og menntun



Húsnæði til tónlistar- iðkunar verði greint og kortlagt

Mikil gróska hefur verið í íslensku tónlistarlífi síðustu áratugi. Tónlistarfólk úr fjölbreyttum tónlistartegundum hefur getið sér gott orð um heim allan sem og hér heima. Til að viðhalda þessum krafti og grósku þarf að halda áfram að hlúa að þörfum tónlistargeirans.

Húsnæði til tónlistariðkunar er nauðsynlegt og þarf að svara fjölbreyttum þörfum. Rými þarf til að vinna að tónlist og til æfinga og einnig til hljóðritunar og tónleikahalds. Þarfir í tengslum við tónlistarstarfsemi eru ólíkar, bæði eftir tegund tónlistar og fjölda áhorfenda, og aðgengi að húsnæði af öllum stærðum og gerðum þarf að vera til staðar.

Aðgengi að rými til tónleikahalds getur verið margskonar. Hlúa þarf að umhverfi



sérstakra tónleikastaða af ólíkri stærðargráðu og æskilegt er að slíka starfsemi megi finna víða um land. Ýmis tækifæri geta leynst til betri nýtingar á húsnæði á borð við skóla, félagsheimili og menningarhús sem er til staðar um land allt í eigu ríkis eða sveitarfélaga og gæti talist heppilegt til tónleikahalds, æfinga eða annarrar tónlistariðkunar.

Við opnun Hörpu árið 2011 eignuðust landsmenn tónleikahús á heimsmælikvarða sem í dag er heimili Sinfóníuhljómsveitar Íslands, Íslensku óperunnar, Stórsveitar Reykjavíkur og fleiri og hýsir árlega fjöldann allan af tónleikum, tónlistarhátíðum og öðrum tónlistarviðburðum. Mikilvægt er að halda á lofti mikilvægi Hörpu sem tónlistarhúss og tryggja aðgengi tónlistarviðburða að því.

Tónleikastaðir og svið í fjölbreyttu húsnæði, allt frá menningarhúsum til veitingastaða, eru útungunarstöðvar tónlistarfólks. Þar stígur tónlistarfólk oft sín fyrstu skref og þróar list sína og sviðsframkomu. Tónleikastaðir gegna einnig mikilvægu hlutverki í menningarþátttöku ungs fólks þar sem því gefst



tækifæri til að neyta lífandi tónlistar, kynnast fjölbreytni hennar og upplifa hana á ólíkan hátt. Listræn stjórnun viðburða spilar þar stórt hlutverk og styðja þarf tónleikastaði og tónleikahaldara um land allt í að byggja upp og þróa listræna stjórnun viðburða og nýsköpun í tónleikahaldi. Þar að auki þarf að auðvelda minni tónleikastöðum að koma sér upp aðstöðu fyrir lífandi flutning, s.s. hljóðkerfi, ljósum, sviði og aðstöðu baksviðs, svo og aðgengi fyrir fatlaða.

Aðgerðir

1.1.1.

Greint verði og kortlagt hvaða húsnæði í eigu hins opinbera, t.d. menningarhús eða félagsheimili um allt land, væri hægt að nýta undir sköpun, hljóðritun eða flutning tónlistar.

Ábyrgð: Tónlistarmiðstöð.

Tímaáætlun: Hefjist haustið 2023.

Kostnaður: Falli undir tónlistarmiðstöð.

1.1.2.

Úthlutunarreglur nýs tónlistarsjóðs verði þannig úr garði gerðar að tónleikastaðir og tónleikahaldarar geti sótt um styrki fyrir verkefni á borð við umbætur á aðstöðu, listræna stjórnun tónleikaraða og fleira.

Ábyrgð: Menningar- og viðskiptaráðuneytið.


Tímaáætlun: Hefjist vorið 2023.

Kostnaður: Falli undir tónlistarsjóð.

Hugað verði að íslenskri tónlistar- arfleifð og varðveislu tónlistar

Tónlistarverðmæti má finna á fjölmörgum stöðum í dag. Landsbókasafnið, RÚV og Íslensk tónverkamiðstöð geyma töluvert af merjum tónlistarminjum á borð við tónlistarupptökur og frumrit af nótum. Auk þess má finna stafrænar útgáfur af dýrmætum lögum sem gefin voru út á síðustu öld á hörðum diskum í misgóðum geymslum.

Varðveisla og miðlun menningarverðmæta er eitt af markmiðum Menningarsóknar til ársins 2030 og á það ekki síður við um tónlistarverðmæti. Til að byrja með er mikilvægt að fá yfirsýn yfir hvar þessi verðmæti er að finna og móta leiðir til að varðveita þau og gera aðgengileg almenningi.





RÚV er eitt af hryggjarstykkjunum í miðlun á íslenskri tónsköpun hér á landi og hefur sinnt því hlutverki á fjölbreyttan hátt, meðal annars hefur Rás 2 haft það að stefnu að spila að miklu leyti íslenska tónlist. Skoða þarf hvar fleiri tækifæri til miðlunar og kynningar á íslenskri tónlist geta legið í útvarpi, sjónvarpi eða þeim alþjóðlegu samstarfsverkefnum sem RÚV á hlut að.

Aðgerðir

1.2.1.


Starfshópur verði settur á laggirnar sem komi með tillögur að því hvernig best megi varðveita og tryggja aðgengi að tónlistarverðmætum. Enn fremur kortleggi hann hvar menningarverðmæti á sviði tónlistar sé helst að finna.

Ábyrgð:	Menningar- og viðskiptaráðuneytið.
Tímaáætlun:	Hefjist vorið 2024.
Kostnaður:	Á ekki við.

1.2.2.

Ríkisútvarpið kanni hlut íslenskrar tónlistar í dagskrárgerð á öllum sínum miðlum. Í framhaldinu verði samtali hafið um fleiri tækifæri til miðlunar og kynningar á íslenskri tónlist og tónverkum og þau útfærð í tengslum við endurskoðun á þjónustusamningi.

Ábyrgð:	Ríkisútvarpið og menningar- og viðskiptaráðuneyti.
Tímaáætlun:	Hefjist 2023.
Kostnaður:	Falli undir Ríkisútvarpið.



Tónlistarmenntun verði fjölbreytt og af miklum gæðum

Tónlistarmenntun er undirstaða sterkar tónlistarmenningar og á stóran þátt í grósku og velgengni íslenskrar tónlistar. Í tónlistarnámi er lögð rík áhersla á skapandi hugsun, sjálfstæði, öguð vinnubrögð og samvinnu sem nýtist nemendum á hvaða sviði sem er og er góður undirbúningur fyrir framtíð þar sem allir þessir þættir eru í hávegum hafðir. Þar að auki er forvarnargildi tónlistarkennslu ótvírætt.

Á Íslandi skal vera aðgengi að fjölbreyttri tónlistarmenntun á öllum skólastigum og börn og unglingar eiga að geta haft aðgang að tónlistarnámi óháð bakgrunni og búsetu. Í hljóðfærakennslu er mikilvægt að boðið sé upp á einstaklingsmiðað nám þar sem hugað er að þörfum hvers og eins nemanda. Til að ná góðri færni í hljóðfærakennslu er kennslan



Þess eðlis að mikilvægt er að kennt sé í einkatímum.

Tryggja þarf eðlilega samfellu í námi, frá fyrstu stigum til mið- og framhaldsnáms almennra tónlistarskóla og loks á háskólastigi. Jafnframt er mikilvægt að huga að því að námsframvinda sé eðlileg á milli skólastiga.

Tónlistarkennarar eru hjarta og drifkraftur tónlistarkennslu og er starf þeirra bæði fjölbreytt og gefandi. Mikill skortur er á tónlistarkennurum í öllum tegundum skóla og er meðalaldur stéttarinnar einn sá hæsti í kennarastétt. Kerfið er ekki sjálfbært og þörf á markvissu átaki í nýliðun. Vekja þarf athygli á kennaranámi tónlistarkennslu, bæði hljóðfæranámi og tónlistarfræði, með það að markmiði að fjölga kennurum og mæta þörfum á öllum skólastigum.


Tónlistarnám er fjölbreytt og mun víðtækara en eingöngu hljóðfæranám. Tónsmíðar eru ekki einungis mikilvægur hluti tónlistarnáms heldur einnig dæmi um afbragðsverkfæri til að þjálfra skapandi hugsun. Þar sem höfundarréttur er ein grunnstoða afkomu



tónlistarfólks er mikilvægt fyrir nemendur að þekkja grundvallaratriði höfundarréttar. Skoða þarf samsetningu tónlistarnáms heildstætt og í takt við breytta tíma, og horfa þarf til fyrirkomulags tónlistarnáms við endurskoðun á fyrirkomulagi listnáms, sem er á döfinni.

Nýtt framtíðarhúsnæði Listaháskóla Íslands mun styrkja umgjörð tónlistarnáms á háskólastigi til muna. Samhliða þeirri framkvæmd þarf að greina framtíðarfyrirkomulag LHÍ hvað varðar rekstrarform. Aðgengi þarf að vera fyrir alla að framhaldsnámi í tónlist óháð fjárhag, og því þarf einnig að skoða leiðir til að samræma skólagjöld LHÍ við skólagjöld annarra háskóla.

Ekki á þó eingöngu að horfa á framboðshlið tónlistar heldur þarf einnig að efla menningarlæsi og leggja áherslu á nýja menningarneytendur sem eru tónlistarunnendur framtíðarinnar. Börn eiga að hafa aðgengi að fjölbreyttum tónlistartegundum í ólíkum birtingarmyndum og þau þurfa að verða þess áskynja að tónlist er tungumál sem á sér engin mörk.



Framhalds- og háskólanám í tónlist þarf að tengjast atvinnulífi tónlistar á skipulegan hátt og hvetja þarf til þess að yfirgripsmikil menntun á laga- og viðskiptaumhverfi tónlistar verði aukin á háskólastigi. Þá má einnig nefna mikilvægi tækniþekkingar, en tónlistarmenn nota í auknum mæli tækni við gerð og dreifingu tónlistar.

Tónlistarskólakerfið á Íslandi er undirstaða tónlistarmenntunar, öflugs tónlistarlífs og tónlistargeira en rúmlega 80 tónlistarskólar eru starfræktir út um land allt. Tónlistarskólar eru víða lykilstofnanir í sínu nærsamfélagi á sviði menntunar, menningar og lista.

Aðgerðir

1.3.1.

Hafin verði endurskoðun aðalnámskrár tónlistarskóla.

Ábyrgð: Mennta- og barnamála-
ráðuneytið.

Tímaáætlun: Úttekt hefjist í desember 2023.

Kostnaður: Verði metinn eftir að úttekt lýkur.

1.3.2.

Átak verði gert í nýliðun tónlistarkennara.

Farið verði í aukna kynningu á kennara-
menntun í tengslum við tónlist á leik-, grunn-
og framhaldsskólastigi.

Ábyrgð: Mennta- og barnamála-
ráðuneytið.

Tímaáætlun: Úttekt hefst í desember 2023.

Kostnaður: Verði metinn eftir að úttekt
lýkur.

1.3.3.

Ráðist verði í uppbyggingu
framtíðarhúsnæðis Listaháskóla
Íslands. Samhliða fari fram greining á
framtíðarfyrirkomulagi skólans hvað varðar
rekstrarform og skólagjöld.

Ábyrgð: Háskóla-, iðnaðar- og
nýsköpunarráðuneytið.

Tímaáætlun: Lok áætlun 2025–2027.

Kostnaður: Fjármögnun staðfest.

1.3.4.

Áhersla verði lögð á áframhaldandi stuðning við verkefni sem miða að því að auka aðgengi og áhuga barna á tónlist og tónlistarsköpun.

Ábyrgð: Menningar- og viðskiptaráðuneytið.

Tímaáætlun: 2023–2026.

Kostnaður: Verði metinn eftir einstökum verkefnum.

1.3.5.

Áhersla verði lögð á stuðning við verkefni sem tengjast aðgengi fatlaðs fólks að tónlistariðkun svo það fái að njóta og þróa tónlistarhæfileika sína. Þannig verði stuðlað að þátttöku fatlaðs fólks í menningarlífi og listum.

Ábyrgð: Menningar- og viðskiptaráðuneyti.

Tímaáætlun: 2023–2026.

Kostnaður: Verði metinn eftir einstökum verkefnum.

Tónlist sem skapandi atvinnu- grein

Tónlistariðnaðurinn verði sterkur og framsækinn

Tónlistarframleiðsla og -útgáfa á Íslandi hefur blómstrað frá aldamótum og trúlega eru fá lönd þar sem jafnmargir titlar eru gefnir út á ári miðað við höfðatölu. Á sama tíma og gróska í tónlist hefur aukist gríðarlega hefur uppbygging tónlistargeirans sem atvinnugreinar gengið hægar. Lítið er um innviði á borð við stöndug útgáfufyrirtæki, tónlistarforlög og umboðsskrifstofur og er stærstur hluti tónlistartengdra fyrirtækja á Íslandi með færri en fimm starfsmenn. Rekstrarlegt ut anumhald stærri tónlistarverkefna hefur af þessum sökum í mörgum tilfellum færst út fyrir landsteinana en með því glatast verðmæt þekking og ekki síður virðisauki fyrir hagkerfið.





Til að vinna gegn þessari þróun þarf að styðja uppbyggingu innviða og þekkingar með því að hlúa að tónlistartengdum sprotafyrirtækjum og grasrót í tónlist og efla nýsköpun. Hér þarf líka að skoða þekkingu á höfundarrétti og aðlögun höfundalaga að breyttu viðskiptaumhverfi.

Hlutverk umsýslustofnana á sviði höfundarréttar er mikilvægt fyrir tónlistarfólk og nýleg lög nr. 88/2019 um sameiginlega umsýslu höfundarréttar eiga að tryggja samræmi og gagnsæi í starfsemi þeirra, bæði innanlands og í alþjóðlegu samhengi. Mikið uppbyggingartímabil er framundan í íslenskum tónlistariðnaði sem kallar á virkt samtal geirans og stjórnvalda með aðkomu helstu fagfélaga og hagaðila innan tónlistar.

Ísland var fyrsta landið til að bjóða upp á endurgreiðslur vegna hljóðritunarkostnaðar en slíkar endurgreiðslur hafa víða þekkt í öðrum greinum á borð við kvikmyndaframleiðslu. Halda þarf



áfram að byggja upp kynningu á endurgreiðslunum og skoða hvort ónýtt tækifæri á borð við endurgreiðslu vegna framleiðslu tónlistarmyndbanda geti styrkt samkeppnisstöðu Íslands enn frekar.

Aðgerðir

2.1.1.

Sett verði á fót tónlistarmiðstöð sem stuðli að auknu samstarfi innlendra og erlendra fyrirtækja og veiti ráðgjöf varðandi fjáröflun til tónlistarverkefna, frá einkaaðilum og opinberum sjóðum.

Ábyrgð:	Menningar- og viðskiptaráðuneytið.
Tímaáætlun:	Hefjist 2023.
Kostnaður:	450 millj. kr. 2023–2026.

2.1.2.

Hafin verði skoðun á rekstrarumhverfi tónlistarverkefna á Íslandi og það borið saman við rekstrarumhverfi tónlistarverkefna annars staðar á Norðurlöndum og í öðrum löndum þar sem tónlistariðnaður er sterkur, þ.m.t. skattalega hvata.

Ábyrgð:	Tónlistarmiðstöð.
Tímaáætlun:	Hefjist vorið 2024.
Kostnaður:	Falli undir tónlistarmiðstöð.

2.1.3.

Reglur um endurgreiðslur vegna hljóðritunarkostnaðar verði endurskoðaðar þannig að þær styðji við markmið stjórnvalda um samkeppnishæft umhverfi.

Ábyrgð:	Menningar- og viðskiptaráðuneytið.
Tímaáætlun:	Hefjist 2023 og ljúki 2024.
Kostnaður:	Verði metinn síðar.

2.1.4.

Skoðað verði hvort útvíkka eigi endurgreiðslur vegna hljóðritunarkostnaðar svo að þær nái til fleiri þátta, svo sem framleiðslu tónlistarmyndbanda.

Ábyrgð:	Menningar- og viðskiptaráðuneytið.
Tímaáætlun:	Hefjist 2023 og ljúki 2024.
Kostnaður:	Verði metinn síðar.

2.1.5.

Sett verði á laggirnar tónlistarráð sem hafi það hlutverk að vera samráðsvettvangur hagaðila og stjórnvalda og stjórnvöldum til ráðgjafar um málefni tónlistar.

Ábyrgð:	Menningar- og viðskiptaráðuneytið.
Tímaáætlun:	Hefjist vorið 2023.
Kostnaður:	Á ekki við.




Tónlist verði fullgild og eftirsóknarverð atvinnugrein

Nýjar kynslóðir tónlistarfólks þurfa að finna fyrir atvinnuöryggi og sjá möguleika og tækifæri til að vinna að list sinni, hvort sem um er að ræða staðbundin verkefni eða til útflutnings og í öllum tónlistartegundum.

Ungt fólk þarf að fá upplýsingar um hefðbundin hlutverk innan tónlistar sem atvinnugreinar og sjá möguleika í því að stefna á starfsframa í tónlistartengdri starfsemi. Styðja þarf við uppbyggingu tónlistartengdra sprotafyrirtækja og leggja áherslu á atvinnusköpun og fjölgun fagfólks í viðskiptaumgjörð tónlistar.

Sagan hefur sýnt að íslensk tónlist hefur alla burði til að verða öflug útflutningsgrein. Hvati þarf að vera til staðar fyrir stofnun tónlistartengdra fyrirtækja og fyrir



Því að utanumhald tónlistarverkefna haldist í íslensku hagkerfi. Töluvert má læra af uppbyggingu greina á borð við kvikmyndagerð og tölvuleikjaframleiðslu hér á landi og liggja þar mikil tækifæri til samstarfs og þekkingaryfirfærslu.

Tónlistariðnaðurinn á að vera aðgengilegur tónlistarfólki og öðru fagfólki af ólíkum bakgrunni og áhersla skal lögð á fjölbreytileika og inngildingu. Leitast verður við að virkja og hvetja nýja Íslendinga til sköpunar og þátttöku í tónlistargeiranum, meðal annars með því að hafa ráðgjöf og upplýsingar aðgengilegar á ensku jafnt sem íslensku, m.a. um höfundarrétt og mikilvægi hans í samningum um tónlist.

Aðgerðir

2.2.1.

Ráðist verði í kynningarátak á þeim störfum sem tónlistargeirinn býður upp á.

Ábyrgð: Tónlistarmiðstöð.

Tímaáætlun: Vorið 2024.

Kostnaður: Falli undir tónlistarmiðstöð.

2.2.2.

Hvatt verði til aukins samstarfs og þekkingaryfirfærslu þvert á hugverkagreinar á sviði fyrirtækja- og atvinnuuppbyggingar.

Ábyrgð: Tónlistarmiðstöð.

Tímaáætlun: Hefjist vorið 2024.

Kostnaður: Falli undir tónlistarmiðstöð.

2.2.3.

Í nýrri tónlistarmiðstöð verði svið sem sinni fræðslu, ráðgjöf og stuðningi við tónlistarfólk á öllum stigum ferils þess og haldi úti verkefnum á borð við viðskiptahraðla sem miði að því að styðja við uppbyggingu sprotafyrirtækja.

Ábyrgð:	Menningar- og viðskiptaráðuneytið.
Tímaáætlun:	Vorið 2023.
Kostnaður:	Falli undir tónlistarmiðstöð.

2.2.4.

Úttekt verði gerð á starfsumhverfi tónlistarfólks með það að markmiði að finna leiðir til að bæta lífsafkomu þess og efla listgreinina.

Ábyrgð:	Menningar- og viðskiptaráðuneyti.
Tímaáætlun:	Vorið 2025.
Kostnaður:	Verði metinn síðar og falli á ríkissjóð.

Betri yfirsýn fáist yfir umfang tónlistargeirans

Töluverð sköpun og framleiðsla á sér stað í íslenskum tónlistargeira. Á sama tíma er stærð og umfang hans og útflutningsverðmæti tónlistar að mörgu leyti á huldu þar sem skortur hefur verið á greinargóðri tölfræði. Tónlistartengdur rekstur er oft fjölbreyttur og tengdur inn í aðrar greinar sem getur haft áhrif á ÍSAT-númeraskráningu þeirra hjá fyrirtækjaskrá sem notuð er við opinbera tölfræðivinnslu. Því þarf að skoða hvort grunngögn sem notast er við gefi rétta mynd af iðnaðinum.

Tölfræði um íslenskan tónlistargeira þarf að vera samanburðarhæf í alþjóðlegu samhengi, kortleggja þarf hverskyns tölfræði þörf er á og hvar nauðsynleg gögn er að finna. Tölfræði, rannsóknir og ýmsar greiningar eru í dag gerðar á ólíkum stöðum en mikilvægt



er að hafa yfirsýn yfir þau gögn sem liggja fyrir auk þess að fylgjast með straumum og stefnum í alþjóðlegum greiningum Ísland getur haft gagn af að fylgja. Mikil tækifæri liggja í því að ný tónlistarmiðstöð sinni þessu hlutverki og byggi upp yfirgripsmikla þekkingu á tónlistariðnaði sem nýtist í stuðningi við uppbyggingu hans hér á landi.

Aðgerðir

2.3.1.

Gerð verði úttekt á skráningu tónlistartengdra fyrirtækja og þeim grunngögnum sem notuð eru í tölfræðiúttektum Hagstofu Íslands.

Ábyrgð:	Menningar- og viðskiptaráðuneytið.
Tímaáætlun:	Hefjist vorið 2025.
Kostnaður:	Verði metinn síðar.

2.3.2.

Tónlistarmiðstöð hýsi miðlægan grunn með ýmiss konar tölulegum upplýsingum um tónlist og sé tengiliður tónlistar við Hagstofu Íslands, háskólastofnanir og aðra sem sinna rannsóknum á sviði menningar og lista.

Ábyrgð:	Tónlistarmiðstöð.
Tímaáætlun:	Hefjist haustið 2024.
Kostnaður:	Falli undir tónlistarmiðstöð.

2.3.3.

Gerð verði greining á því í hvaða alþjóðlegu, evrópsku og norrænu tölfræðirannsóknum tengdum tónlist Ísland tekur þátt og samstarfi verði komið á við Hagstofu Íslands um gerð aðgerðaáætlunar í því skyni.

Ábyrgð: Tónlistarmiðstöð.
Tímaáætlun: Hefjist vorið 2025.
Kostnaður: Falli undir tónlistarmiðstöð.

2.3.4.

Hafin verði skoðun á samstarfi við nágrannalönd um rannsóknir á hagrænum áhrifum tónlistar.

Ábyrgð: Tónlistarmiðstöð.
Tímaáætlun: Hefjist vorið 2025.
Kostnaður: Falli undir tónlistarmiðstöð.

2.3.5.

Vinna verði hafin við að móta mælaborð tónlistariðnaðarins.

Ábyrgð: Tónlistarmiðstöð.
Tímaáætlun: Hefjist vorið 2024.
Kostnaður: Verði metinn síðar.

Sjóðakerfi tónlistar verði skilvirk

Sjóðakerfi tónlistar á að styðja við nýsköpun og framgang tónlistargeirans og auka aðgengi almennings að fjölbreyttri tónlist á ólíku formi. Fylgja þarf eftir þeirri endurskoðun sem farið hefur fram á sjóðakerfi tónlistar með stofnun nýs tónlistarsjóðs. Markmið og árangursmælikvarðar sjóðsins eiga að vera skýrir og eftirfylgni á framgangi verkefna sem hlotið hafa styrki úr sjóðnum á að vera tryggð.

Fjölmargir evrópskir og norrænir styrktarsjóðir standa íslenskum verkefnum og samstarfsverkefnum á milli landa til boða. Mikilvægt er að þeir séu vel kynntir og auðvelt að nálgast upplýsingar og ráðgjöf sem þeim tengjast.



Greina þarf betur hvenær þörf er á styrkjum í ferli tónlistarfólks og -verkefna og hvernig styrkjakerfið getur stutt við tónlistarverkefni á mismunandi stigum til að hámarka árangur í viðum skilningi, samkvæmt markmiðum nýs tónlistarsjóðs.

Aðgerðir

2.4.1.

Hljóðritasjóður, Tónlistarsjóður og Útflutningssjóður íslenskrar tónlistar verði sameinaðir í nýjum tónlistarsjóði. Í nýjum tónlistarsjóði verði mismunandi deildir sem sinni ólíkum stigum tónlistarverkefna, allt frá frumsköpun til markaðssetningar og útflutnings.

Ábyrgð:	Menningar- og viðskiptaráðuneytið.
Tímaáætlun:	Hefjist vorið 2023.
Kostnaður:	645 millj. kr. 2023–2026.

2.4.2.

Markmið nýs tónlistarsjóðs og árangursmælikvarðar verði skilgreind. Árangur verði metinn árlega.

Ábyrgð: Menningar- og viðskiptaráðuneytið.
Tímaáætlun: Hefjist 2023.
Kostnaður: Falli undir tónlistarsjóð.

2.4.3.

Efld verði kynning á erlendum styrktarsjóðum sem standa til boða fyrir íslensk verkefni og verkefni þvert á landamæri.

Ábyrgð: Menningar- og viðskiptaráðuneytið.
Tímaáætlun: Hefjist 2023.
Kostnaður: Verði metinn síðar.

Útflutn- ingur á Íslenskri tónlist

Útflutningstekjur af Íslenskri tónlist aukist

Ísland er vel staðsett á milli Norður-Ameríku og Evrópu og er vinsæll viðkomustaður á ferðalögum fólks á milli heimsálfa. Þessi staðsetning landsins ætti jafnframt að koma skapandi greinum til góða. Íslensk tónlist hefur undanfarna áratugi náð að vekja athygli um heim allan og fjöldi fólks á að Ísland marki sig sem alþjóðlega miðstöð tónlistar í Norður-Atlantshafi (e. „Mid-Atlantic music hub“). Því til viðbótar hefur sterkur kvikmynda- og tölvuleikjaiðnaður skotið rótum á Íslandi og gætu frekari tækifæri falist í sameiginlegri kynningu á landinu sem miðstöð sköpunar (e. „creative hub“).

Miklir möguleikar liggja í tónlist sem útflutningsafurð. Útflutningsskrifstofa íslenskrar tónlistar (ÚTÓN) hefur byggt upp sterkt tengslanet við íslenskt tónlistarfólk og






-fyrirtæki og verðmæta þekkingu á útflutningi tónlistar sem skoða þarf sérstaklega hvernig hægt er að viðhalda við yfirfærslu verkefna frá ÚTÓN í nýja tónlistarmiðstöð. Að sama skapi hefur samstarf ÚTÓN og Íslandsstofu, m.a. á vettvangi Skapandi Íslands, og samstarf Record in Iceland og Film in Iceland verið uppbyggilegt og árangursríkt. Halda þarf áfram að byggja upp þekkingu á lykilmörkuðum og velja þá út frá því hvar mestu tækifærin liggja og nota til þess markaðsgreiningar sem haldið verður áfram að þróa og uppfæra í samstarfi við Íslandsstofu og utanríkisþjónustuna.

Líta ber heildstætt á útflutning tónlistar. Leggja þarf áherslu á flytjendur, tónskáld og tónlistarfólk úr öllum tónlistarstefnum, sem og útflutning á nótum, en útflutningur tekur einnig til ferðamanna sem neyta íslenskrar tónlistar á Íslandi.

Sendiskrifstofur Íslands erlendis búa yfir mikilvægri staðarþekkingu og þekkingu á viðkomandi mörkuðum. Tækifæri felast í markvissri tengingu við utanríkisþjónustuna, m.a. varðandi tengslamyndun, markaðs-



þekkingu og samstarf um viðburði og kynningarverkefni á sviði tónlistar.

Streymi er einn vinsælasti miðillinn fyrir tónlistarneyslu og mikilvægur tekjuliður fyrir tónlistarfólk. Rödd Íslands þarf að heyrast hjá stóru streymisveitunum sem að miklu leyti stýra tónlistarneyslu en þess má geta að Ísland er til dæmis eitt Norðurlandanna sem ekki hefur ritstjóra efnis hjá Spotify.

Ísland er tónlistarland með ríka tónlistar-
menningu og -arfleifð. Gera þarf
tónlistarviðburði, tónlistararfinn og
tónlistarsenuna alla sýnilegri við komuna til
landsins, í borg og á landsbyggðinni, bæði
gagnvart heimamönnum og ferðamönnum.
Mikil tækifæri felast í uppbyggingu á
menningarferðamennsku í tengslum við
tónlist. Tónlistarhátíðir eru gluggi umheimsins
inn í íslenska tónlist og stökkpallur íslensks
tónlistarfólks út í heim og því er mikilvægt
að hlúa að starfsumhverfi tónlistarhátíða
á Íslandi þannig að þær geti blómstrað
og að hlutverk þeirra sem grunnstoða í
tónlistariðnaði sé viðurkennt. Kynning á
Íslandi sem áfangastað á að endurspeglu hina



miklu grósku sem er í tónlist á Íslandi og hvar tækifæri gefast til að njóta hennar hér á landi.

Kjarni tónlistarútflutnings er tónlistarfólkið og tónlistarsköpun þess. Mörg dæmi eru um að tónlistarverkefni sem eru komin mislangt á veg, þ.m.t. verkefni sem hafa náð töluverðri athygli utan landsteinanna, dagi uppi á vegferð sinni. Skoða þarf heildstætt hvenær ferill tónlistarfólks og tónskálda hefur þörf fyrir útflutningsstuðning og nýta þá þekkingu til að útfæra stuðning við útflutningsverkefni.

Aðgerðir

3.1.1.

Leitað verði leiða til að vekja athygli á íslenskri tónlist.

Ábyrgð: Tónlistarmiðstöð.
Tímaáætlun: Hefjist 2024.
Kostnaður: Verði kostnaðarmetinn þegar greiningu er lokið.

3.1.2.

Tónlistarsjóður styðji við tónlistarverkefni sem eiga möguleika á hröðum vexti á erlendum mörkuðum.

Ábyrgð: Menningar- og viðskiptaráðuneytið.
Tímaáætlun: Hefjist vorið 2023.
Kostnaður: Falli undir tónlistarsjóð.

3.1.3.

Skoðað verði hvernig virkja megi enn frekar samstarf við sendiskrifstofur Íslands erlendis í útflutningi og kynningu á íslenskri tónlist og tónlistarfólki og í því skyni verði burðir sendiskrifstofanna til að taka við slíkum verkefnum skoðaðir sérstaklega.

Ábyrgð: Tónlistarmiðstöð í samstarfi við utanríkisþjónustuna og sendiráð.

Tímaáætlun: Hefjist 2023.

Kostnaður: Á ekki við.

3.1.4.

Samtal verði hafið við stærri streymisveitur um íslenska ritstjórn og hagsmuni íslensks tónlistarfólks.

Ábyrgð: Menningar- og viðskiptaráðuneytið.

Tímaáætlun: Hefjist 2023.

Kostnaður: Á ekki við.

3.1.5.

Stuðningur við tónlistarhátíðir verði markviss, m.a. með því að nýr tónlistarsjóður bjóði upp á rekstrarstuðning til lengri tíma.

Ábyrgð: Menningar- og viðskiptaráðuneytið.
Tímaáætlun: Hefjist 2023.
Kostnaður: Falli undir tónlistarsjóð.

3.1.6.

Skoðað verði hvernig efla megi kynningu á landinu, tónlist þess og tónlistarhátíðum.

Ábyrgð: Tónlistarmiðstöð og Íslandsstofa.

Tímaáætlun: Hefjist 2023.
Kostnaður: Verði metinn þegar möguleikar hafa verið greindir.

3.1.7.

Hafin verði greining á því hvenær á ferli tónlistarfólks mest þörf er fyrir útflutningsstuðning.

Ábyrgð: Tónlistarmiðstöð.
Tímaáætlun: Hefjist 2024.
Kostnaður: Falli undir tónlistarmiðstöð.



Tónlistargeirinn verði sjálfbær og umhverfisvænn

Sjálfbærni og græn skref skal hafa í huga í öllum verkefnum, ekki síst útflutningstengdum verkefnum. Íslenskur tónlistariðnaður á að vera frammarlega og leiðandi í sjálfbærni og umhverfisvitund. Móta þarf fræðsluefni og ráðleggingar um sjálfbærni viðmið þar sem litið verði til þess efnis sem þróað hefur verið fyrir Græn skref, verkefni Umhverfisstofnunar, auk sjálfbærni verkefna, innlendra sem erlendra, sem gefið hafa góða raun.

Leiðarstefið á alltaf að vera:
„Stækkum menningarfótsporið,
minnkum kolefnisfótsporið.“

Aðgerðir

3.2.1.

Mótaður verði staðall fyrir tónlistarfólk, tónleikahaldara og tónlistarhátíðir um hvernig minnka megi kolefnisfótspor viðburða og tónleikaferðalaga og stuðla að meiri sjálfbærni.

Ábyrgð: Tónlistarmiðstöð.
Tímaáætlun: Hefjist 2025.
Kostnaður: Falli undir tónlistarmiðstöð

Myndaskrá

Blaðsíða	Listamanneskja / Hljómsveit	Ljósmyndari
4,42	Reykjavíkurdætur	Alexander Matukhno
8	Umbra Ensemble	Alexander Matukhno
10	Lilja Alfreðsdóttir	Sigtryggur Ari
12	Harpa	Alexander Matukhno
14	Björk	Hörður Sveins
16	ÁSDIS	Mischa Lorenz
18	Daníel Bjarnason	Saga Sig
22	Hildur Guðnadóttir	Timothée Lambrecq
24,	Vök	Axel Sigurðarson
26	Árný Margrét	Sjana Photography
30	Sinfóníuhljómsveit Íslands	Baldur Kristjánsson
32	RAKEL	Maria Medici
38	GDRN	Axel Sigurðarson
40	Víkingur Ólafsson	Markus Jans
44	Sigurrós	Hörður Sveinsson
54	Daði Freyr	Stefanie Schmid Rincon
56	Óskar Guðjónsson	Hans Vera
58	Laufey	Gemma Warren
66	Magnús Jóhann	Eva Schram
68	Ólafur Arnalds	Florian Trykowski
74	Emiliana Torrini	Hörður Sveinsson
76	Unnsteinn Manual	Sija Magg
82	Bríet	Hörður Sveinsson
84	ÁSGEIR	Rúnar Sigurður Sigurjónsson
92	Hatari	Axel Sigurðarson
94	MC Gauti	Axel Sigurðarson
96	Bára Gísla	Ásta Sif Árnadóttir
98	Aron Can	Anna Maggý
106	Gugusar	Art Bicnick

